

EFTIRLITSSKÝRSLA

ALUR ÁLVINNSLA EHF.

Dagsetning	10/11/2011	Fulltrúar UST	Ólafur Kristinn Tryggason og Eva Dögg Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Alur álvinnsla ehf.	Starfsleyfi, gildir til	1. september 2023
Heimilisfang	Stakksbraut 6 í Helguvík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590398-2099	Fulltrúar fyrirtækis	Þorsteinn Adamsson
Isat nr.	27,42 Álvinnsla	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	64°1,4'N, 22°33,584'W
Starfsemi	Álvinnsla úr gjalli		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit hófst með fundi með fulltrúa fyrirtækisins og þar sem fyrirtækið hefur nýlega fengið nýtt starfsleyfi var byrjað á að yfirfara nýja starfsleyfið sem er talsvert frábrugðið því gamla.

Farið yfir niðurstöður mælinga, gögn og ákvæði í starfsleyfi ásamt öryggisblöðum, kvittunum fyrir móttöku úrgangs og einnig var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu frá eftirlitinu 3. mars s.l..

Gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar hafði verið skilað þegar eftirlitið fór fram. Vegna misskilnings höfðu mæliniðurstöður á útblæstri verið sendar með grænu bókhaldi í stað útstreymisbókhalds. Það var áréttað að framvegis verður tekið harðar á tímasetningum fyrir skil gagna.

Að fundi loknum var farið í eftirlit um fyrirtækið, stjórnstöð verksmiðjunnar skoðuð og bræðslurýmið. Einng var farið að útskolunar gryfju þar sem gjallsandurinn sem myndast við bræðslu álgjallsins er hlutleystur af flúoríði og köfnunarefni í sjóbaði. Þá var farið að lóð fyrirtækisins við Berghólabraut til að staðfesta að verið væri að fjarlægja flúormengaðan gjallsand sem komið var þar fyrir til geymslu til bráðabirgða þar til unnt væri að koma honum til endanlegrar förgunar. Þar voru stórar vinnuvélar og vörubílar að fjarlægja sandinn. Hann er síðan keyrður í Selvík til endanlegrar förgunar.

Að lokum var komið við að Fitjum í Reykjanesbæ til að staðfesta að búið væri að fjarlægja gjallsandshaug sem verið hefur þar til geymslu í all mörg ár. Búið var að fjarlægja hauginn.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Önnur atriði:

Alur álvinnsla ehf. hefur fengið nýja lóð undir rekstur fyrirtækisins skammt þar frá þar sem þeir höfðu fengið lóð við Berghólabraut. Það er farið að þrengja verulega að starfsemi fyrirtækisins þar sem það er í mjölgeymsluhúsi Síldarvinnslunnar og er farið að huga að flutningi starfseminnar.

Reykjavík, 23/11/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.